



Smiðjuvegi 74, Gul gata, 200 Kópavogi
www.myndlistaskoli.is
Sími. 564 1134 898 5108

	KÓPAVOGSBÆR MÓTTEKID 25. ÁGÚ. 2021 Mólsnr.: 21081171 Bréfalykill: 102.21
---	--

20.08.2021

Til Bæjarráðs Kópavogs.

Myndlistarskóli Kópavogs er að leita leiða til að fjármagna kaup á hnoðvél fyrir skólann. Núverandi tæki skólans er ónothæft og ekki talið svara kostnaði að gera við það. Nýtt tæki uppkomið og tengt kostar 1.100.000,- Stjórn Myndlistarskóla Kópavogs vill með bréfi þessu leita eftir stuðningi frá Kópavogsbæ til að fjármagna þetta verkefni. Undanfarna mánuði hefur Covid 19 skapað magvísleg vandamál í rekstri skólans og er því erfitt að fjármagana þetta verkefni af rekstrarfé skólans.

Nemendafjöldinn í skólanum hefur verið um 800 nemendur yfir árið. Námskeiðin skiptast í vörnamskeið sem eru í 13 vikur, sumarnámskeið í maí, júní og ágúst. Haustnámskeið í 13 vikur.

Við bjóðum upp á námskeið fyrir börn og fullorðna. Við höfum boðið upp á nám í teikningu, módelteikningu, málun og módelmálun, vatnslitamálmálun og frjálsa málun með vinnustofu. Við bjóðum upp á leirmótunarnámskeið og rennslu námskeið í leirmótun, sem eru mjög vinsæl, en sá hnökur er á því að hnoðvélin sem við höfum nýtt okkur er ónothæf og því mikilvægt að fá þetta tæki fyrir upphaf skolaársins.

Við höfum því verið að leita leiða til að fjármagna hnoðvél, en slík vél auðveldar okkur allt starf í skólanum og sparar tíma og fyrirhöfn fyrir kennara skólans.

Það er eindregin von stjórnar Myndlistarskóla Kópavogs að bæjarráð sjái sér fært að styrkja þetta verkefni skólans.

Virðingarfyllt

Fyrir hönd stjórnar Myndlistarskóla Kópavogs.

Bogga Míaela Svob
Rannveig Sigmundsdóttir
Sigríður Guðrún Ólafsdóttir